

Nd.

44. Frumvarp

til laga um sjerstakt læknishjerað i Ólafsfirði i Eyjafjarðarsýslu.

Flutningsm.: Stefán Stefánsson.

Ólafsfjörður i Eyjafjarðarsýslu skal vera sjerstakt læknishjerað.

Ástæður

fyrir því, að frumv. þetta var flutt á síðasta þingi og aftur nú, eru þær, hversu þessi sveit er afarilla sett hvað snertir samgöngur við önnur hjeruð, og þá sjerstaklega til þess að vitja læknis síns, sem nú er búsettur i Svarfaðardal.

Milli þessara sveita er hár fjallgarður, illfær yfirferðar mestan hluta árs, sökum fannkyngi og snjóflóða, enda alloft ófær með öllu, vegna dimmviðra og ófærðar dögum og jafnvel vikum saman.

Sje hins vegar að ræða um sjóleiðina, er að því leyti sömu söguna að segja, að hún er margoft alófær vegna brima og illviðra, þar sem hún liggur norður fyrir Ólafsfjarðarmúla i hafi úti.

Af þessu leiðir, að hvað sem menn annars vilja í sölurnar leggja til þess að vitja lækni, þá er það alloft, er jafnvel mest á liggur, allsendis ómögulegt. Úr þessu verður bæt með því einu, að læknir fáist búsettur í Ólafsfirði. Að öðru leyti vísast til fylgiskjalsins, er við flutningsmenn málsins ljetum fylgja frv. á síðasta þingi.